

Reykjavík 19. janúar 2020

## Umsögn um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð (mál nr. 317/2019 á samráðsgátt stjórnvalda, birt 18.12.2019)

### Útdráttur

Frumvarpið er ekki svar við ákalli náttúruverndarhreyfingarinnar um að víðerni hálandisins verði varin fyrir virkjanaframkvæmdum. Frumvarpið er í andstöðu við 47. gr. náttúruverndarlaga, sem bannar stórframkvæmdir innan þjóðgarða, og það er óviðunandi að umhverfisráðherra ætli að veikja þetta verndarákvæði laganna eins og lagt er til í frumvarpi um þjóðgarðastofnun. Sú útfærsla á þjóðgarði sem lögð er til í frumvarpi um Miðhálandisþjóðgarð er ekki verndaraðgerð til langs tíma, heldur verður það áfram komið undir pólitískum vilja og áherslum hvers tíma hvort víðernum hálandisins verði raskað á óafturkræfan hátt. Ellefta grein frumvarpsins gerir það að verkum að þjóðgarðurinn stenst ekki viðmiðanir verndarflokka IUCN. Með frumvarpinu eru þjóðgarðar gildisfelldir sem náttúruverndaraðgerð, bæði í lagalegu og menningarlegu tilliti.

### Krafan um vernd víðerna hálandisins

Náttúruverndarhreyfingin hefur um árabil barist fyrir vernd hálandisins. Þannig rituðu t.d. þrettán félög sameiginlega umsögn um drög að þingsályktunartillögu um Rammaáætlun árið 2011 þar sem sagði í kafla um hálandið: „*Samtökin leggja til að miðhálandi Íslands verði friðlýst með stofnun þjóðgarðs. ... Sérstaða og verðmæti svæðisins felast í einstakri náttúru, gróðurvinjum, jarðfræði og landmótun, einstöku samspili elds og íss og óviðjafnanlegum andstæðum í landslagi og víðernum sem af mörgum eru talin meðal síðustu stóru víðerna Evrópu.*“ Einnig sagði í umsögninni að þrátt fyrir markmið og yfirlýsta stefnu stjórnvalda um verndun víðerna hefði stöðugt verið gengið á þau. Þannig hefði rannsókn við Háskóla Íslands, þar sem íslensk víðerni voru kortlögð, sýnt að þau hefðu minnkað um 68% frá árinu 1936 til 2010. Þá sagði í umsögninni að mikilvægt væri að stöðva þessa þróun og standa vörð um þau svæði sem enn væru óröskuð. Þá segir að náttúruverndarhreyfingin leggi til „*að fallið verði frá öllum hugmyndum um virkjanir á miðhálandi Íslands sem settar voru í orkunýtingar- eða biðflokk í drögum að þingsályktunartillögunni, svæðin færð í verndarflokk og þegar í stað verði farið að huga að friðlýsingu alls svæðisins. ... Frekari uppbygging orkuvinnslu á hálandi Íslands er andstæð hugmyndum um verndun svæðisins og upplifun af lítt snortinni náttúru og víðernum.*“



*Félagsmenn Landverndar hleypa verkefninu Hálendið – Hjarta landsins af stokkunum í Þjórsárverum með Hjartafelli í baksýn.*

Haustið 2013 hleypti Landvernd af stokkunum verkefninu *Hálendið – hjarta landsins*, en markmið þess var að „vekja athygli á fyrirhuguðum framkvæmdum á hálendi Íslands og gefa fólki kost á að taka undir kröfu Landverndar um að hálendinu verði hlífð“, enda um svæði að ræða sem talið er meðal síðustu stóru víðerna Evrópu. Tæplega 43.000 skrifuðu undir áskorunina á slóðinni hjartalandsins.is. Á vormánuðum 2014 skrifuðu Landvernd, Ferðaklúbburinn 4x4, Ferðafélag Íslands, Ferðafélagið Útivist og Samtök útivistarfélaga (Útivist) undir yfirlýsingu um að vinna saman að viðgangi og vexti verkefnisins, en að baki félögunum fimm stóðu þá um 30.000 félagsmenn. Í yfirlýsingunni sagði m.a. að félögin leggjðust gegn stórfelldri mannvirkjagerð og ániðslu á hálendinu, þar á meðal borplönunum og virkjunum.



*Mynd af vefnum hjartalandsins.is sem sýnir hvaða framkvæmdum Landvernd krafðist að hætt yrði við á hálendinu.*

Árið 2016 skrifuðu náttúruverndarhreyfingin, útivistarsamtök og Samtök ferðapjónustunnar undir viljayfirlýsingu um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Markmið yfirlýsingarinnar var að ná sem víðtækastri samstöðu um verndun miðhálandisins með stofnun þjóðgarðs, en í henni sagði m.a. að tækifæri sem fylgdu hálandisþjóðgarði byggðu m.a. á því að náttúrugæðum hálandisins yrði ekki raskað frekar og að upplifun víðerna og óbyggða sem þar mætti finna hverfi ekki. Við þetta tilefni sagði Snorri Baldursson, þáverandi formaður Landverndar: „Þessi samstöðuyfirlýsing er stór áfangi á þeirri leið að vernda eitt okkar allra dýrasta djásn, hálandið, í einum stórum þjóðgarði. Það yrði mikið heillaskref fyrir þjóðina því hálandið er í alla staði verðmætara villt en virkjað“.

Stuðningur almennings við vernd hálandisins og hálandisþjóðgarð hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Í könnun sem Gallup vann fyrir náttúruverndarhreyfinguna árið 2011 sögðust 56% aðspurðra vera hlynnt stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu, en 18% andvíg. Stuðningur við hálandisþjóðgarð hafði aukist í 61% samkvæmt samskonar könnun Gallup árið 2015 og andvígum hafði fækkað og voru einungis 12% aðspurðra.

Allt ofangreint hefur haft þau áhrif að umræða um vernd hálandisins og hálandisþjóðgarð varð fyrirferðarmeiri á vettvangi stjórnmálanna. Þannig hefur sérstakrar verndar hálandisins verið getið í sáttmálum síðustu tveggja ríkisstjórna og í stefnuyfirlýsingu þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr segir fremst í umhverfis- og auðlindakafli að stofna eigi þjóðgarð á miðhálandinu. **Því miður er umrætt frumvarp til laga um miðhálandisþjóðgarð alls ekki svar við kröfu náttúruverndarhreyfingarinnar um vernd víðerna hálandisins og að því verði hlíft við frekari virkjanaframkvæmdum.**

## Þjóðgarður eða virkjanagarður?

Í 11. gr. draga að umræddu frumvarpi er fjallað um orkunýtingu. Hér vil ég vekja sérstaka athygli á eftirfarandi atriðum:

1. Heimilt verður að starfrækja áfram þær virkjanir sem verða í rekstri við stofnun þjóðgarðsins og gera á þeim breytingar, t.d. með endurnýjun á mannvirkjum til að auka afköst þeirra.
2. Heimila má nýjar virkjanir í þjóðgarðinum á svonefndum virkjanasvæðum, sé virkjunin í orkunýtingarflokki 3. áfanga Rammaáætlunar.
3. Áfram verður heimilt í næstu áföngum Rammaáætlunar að flytja virkjanakosti úr biðflokki í nýtingarflokk og verður þá „heimilt að gera ráð fyrir viðkomandi virkjun innan Hálandisþjóðgarðs“.

Það að skipulag hálandisþjóðgarðs eigi að byggja á virkjana- og biðflokki Rammaáætlunar er með öllu óásættanlegt út frá sjónarmiði náttúruverndar. Um það er fjallað ágætlega í athugasemdamyndum Landverndar við þingsályktunartillögu um Rammaáætlun sem sendar voru umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis 5. apríl 2017. Þar segir t.d. um nýtingarflokk 3. áfanga Rammaáætlunar: „Virkjun þeirra myndi eyðileggja hið sérstaka mikilvægi og ómetanleika hálandisins sem einnar heildar og skaða almannahagsmuni.“ Um þær virkjanatillögur á hálandinu sem lentu í biðflokki 3. áfanga Rammaáætlunar segir í umsögn Landverndar: „Það er mat Landverndar að nýjar virkjanir og háspennulínur, a.m.k. í lofti, eigi ekki að reisa á miðhálandi Íslands. Ljóst er að slíkt myndi draga verulega úr verndargildi svæðisins og líkum á því að þar verði stofnaður þjóðgarður í samræmi við náttúruverndarlög. ... Landvernd beinir því til umhverfis- og skipulagsnefndar að vegna ómetanleika hálandisins og í samræmi við markmið náttúruverndarlaga, varúðarreglu umhverfisréttar,

*almannahagsmuna og þjóðfélagsumræðu, að færa alla virkjanahugmyndir innan miðhálandislínunnar í verndarflokk.“*

Tekið er fram í frumvarpi um miðhálandisþjóðgarð að í ofangreindum tilfellum þurfi verkefnastjórn Rammaáætlunar að hafa „til hliðsjónar“ að virkjunarkostur er innan þjóðgarðs, þess hvort um raskað svæði sé að ræða og markmiðsákvæði þjóðgarðsins sem koma fram í 3. gr. frumvarpsins. Ljóst er að orðalagið „til hliðsjónar“ mun ekki binda hendur verkefnastjórnar næstu Rammaáætlana hvað þetta varðar. Þar að auki er mjög óljóst hvað átt er við með orðinu „raskað“ og því mun verkefnastjórnin hafa mjög frjálsar hendur að skilgreina sjálf hvort svæði teljast röskuð. Þá eru markmiðsákvæði frumvarpsins það margbreytileg og misvísandi að hægt verður að nota þau jafnt til að rökstyðja aukna náttúruvernd (1. liður 3. gr.: *Vernda náttúru og sögu þjóðgarðsins, svo sem landslag, víðerni, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar*) og nýjar virkjanir innan þjóðgarðsins (6. liður 3. gr.: *Leitast við að efla samfélag og styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni þjóðgarðsins og á landinu öllu, meðal annars með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðisins*). Í frumvarpinu er einnig tekið fram að nýjar virkjanir innan þjóðgarðsins séu háðar undangengnu mati mati á umhverfisáhrifum framkvæmdanna. Í því felst þó engin sérstök vernd út frá náttúruverndarsjónarmiðum, enda verða endanlegar leyfisveitingar virkjana hjá sveitarstjórnnum og pólitískt skipaðri stjórn þjóðgarðsins þar sem sveitarstjórnir og umhverfisráðherra skipa sjö af ellefu stjórnarmönnum. Auk þess verður það á valdi umhverfisráðherra hverju sinni að afmarka svonefnd virkjanasvæði innan þjóðgarðsins í reglugerð.

**Af ofangreindu má vera ljóst að stofnun miðhálandisþjóðgarðs með þessum hætti verður ekki verndaraðgerð um ókomna framtíð eða til langs tíma eins og ætla má að sé eðli og inntak þjóðgarða, heldur verður það áfram komið undir pólitískum vilja og áherslum hvers tíma hvort víðernum og náttúruverðmætum hálandisins verði raskað á óafturkræfan hátt.**

## **Virkjanakostir innan þjóðgarðs**

Á grunni 11. gr. þess frumvarps sem hér er til umræðu má áætla að orkufyrirtækin geti sóst eftir að byggja fjölda virkjana innan hálandisþjóðgarðs. Hér verður gerð grein fyrir hvaða virkjanir þetta eru og vitnað í athugasemdir Landverndar frá 2017 um virkjanakosti í þingsályktunartillögu 3. áfanga Rammaáætlunar.

- **Skrokkalda** í virkjanaflokki 3. áfanga Rammaáætlunar. Úr athugasemd Landverndar: *Virkjun við Skrokköldu myndi draga úr verndargildi miðhálandisins. ... Eins kílómetra langur afrennslisskurður út í Kvíslaveitu mun marka áberandi sár í landslagið. ... Hlaðhús og spennir munu verða ofanjarðar og auka rask á svæðinu. Slíkt hefur neikvæð áhrif á upplifunargildi fólks af hálandinu sem lítt snortnu svæði og náttúruverndargildi skerðist. Í heild sinni munu framkvæmdirnar bæta í láglandisvæðingu hálandisins. Skrokkölduvirkjun er nánast í miðju hálandisins, við eina fjölförnustu hálandisleiðina. Þess vegna mun hún hafa áhrif á fleira útivistarfólk og ferðamenn en margar aðrar. ... Með því að einblína um of á Skrokkölduvirkjun sem einstakan virkjunarkost án þess að líta nægjanlega til alls hálandisins sem mögulegrar verndarheildar.*
- **Vindorkuver á Blöndusvæðinu** í virkjanaflokki 3. áfanga Rammaáætlunar. Úr athugasemd Landverndar: *Nefnd á vegum umhverfis- og auðlindaráðherra kannar nú forsendur fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálandi*

Íslands, en sú hugmynd er studd af náttúruverndar- og útivistarhreyfingunni, Samtökum ferðapjónustunnar og a.m.k. nokkrum stjórn mála flokkum. Vindorkuver við Blöndulón myndi draga úr verndargildi miðhálandisins og skerða væntanlegan þjóðgarð. Virkjunarhugmyndin er á miðhálandi Íslands, svæði sem afar æskilegt er að vernda í heild sinni. Í vernd þess felast ríkir almannahagsmunir með vísan til náttúruverndarlaga og því ætti hugmyndin að fara í verndarflokk. Verkefnisstjórn RÁ III hefur ekki litið til 10. gr. náttúruverndarlaga við flokkun sína á miðhálandi Íslands um mat á heildarálagi, en samkvæmt henni ber að meta áhrif á náttúru svæðis út frá heildarálagi sem á svæðinu er eða það kann að verða fyrir. Með því að einblína um of á Blöndulund sem einstakan virkjunarkost án þess að líta nægjanlega til alls hálandisins sem mögulegrar verndarheildar, hefur verkefnisstjórnin litið fram hjá þessu veigamikla atriði. ... Í heild sinni munu framkvæmdirnar bæta í láglandsvæðingu hálandisins.

- **Hólmsárvirkjanir** í biðflokki Rammaáætlunar. Úr umsögn Landverndar:  
„Verndargildi vatnasviðs Hólmsár er fjórða sæti af fimmtán samkvæmt röðun faghóps I. Ekki verður skilið hvers vegna það leiðir ekki umsvifalaus til þess að vatnasvið fari í verndarflokk. ... Vatnasviðið er eitt fárra lítt raskaðra eða óraskaðra stórra og samfelldra vatnasviða á Íslandi og hefur að geyma mjög verðmætar jarðmyndanir og vatnafar. ... Virkjanahugmyndirnar eru á miðhálandinu eða við ferðaleiðir inn á miðhálandið. ... Virkjanirnar myndu draga úr verndargildi miðhálandisins og skerða mögulegan þjóðgarð.“
- **Búðartunguvirkjun** í biðflokki 3. áfanga Rammaáætlunar. Úr athugasemd Landverndar:  
Svæðið er innan miðhálandislínunnar og vísast í fyrri rök Landverndar fyrir verndun þess svæðis. Þá er virkjunarhugmyndin í næsta nágreppi við Gullfoss, einn vinsælasta og fjölsóttasta ferðamannastað landsins. Svæðið ætti því skilyrðislaust að fara í verndarflokk.
- **Hágönguvirkjun** í biðflokki 3. áfanga Rammaáætlunar. Úr athugasemd Landverndar:  
Þrátt fyrir að svæðið raðist lægst allra svæða í verðmætamati faghóps I, þá hefur þessi virkjunarhugmynd þá sérstöðu að vera á miðju hálandi Íslands. ... Umfangsmikil mannvirki myndu hafa mikil sjónræn áhrif og raska landslagsheild svæðisins mun meira en núverandi mannvirki gera. Virkjunarhugmyndin eru á miðhálandinu. Vísast hér í fyrri umfjöllun um almannahagsmuni af stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu.
- **Hagavatnsvirkjun** í biðflokki 3. áfanga Rammaáætlunar. Úr umsögn Landverndar:  
Hagavatnssvæðið fær hæstu mögulegu verðmætæinkunn fyrir víðerni og jarðgrunn hjá faghópi I. Virkjun væri mikil inngrip inn í óbyggð víðerni hálandisins. ... Með stíflu og virkjun Hagavatns yrði gripið inn í eitt stórbrotnasta landmótunarferli Langjökuls en svæðið er eins og opin og auðlesin jarðfræðibók. ... Það er mat Náttúrufræðistofnunar að vatnsmiðlun í Hagavatni geti hugsanlega aukið þann uppfoksvanda sem við er að glíma á svæðinu. ... Samkvæmt mati Ólafs Arnalds geta breytingar á vatnsborði Hagavatns haft gríðarlega mikil áhrif á svæðið og aðeins örlítill vatnsborðslækkun á hugsanlegu lóni að vetri eða vori stóraukið hættu á foki. ... Virkjunarhugmyndin er á miðhálandinu. Vísast hér í fyrri umfjöllun um almannahagsmuni af stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu og nefnd umhverfis- og auðlindaráðherra sem kannar forsendur fyrir stofnun slíks þjóðgarðs. Virkjunin myndi og skerða mögulegan þjóðgarð og draga úr verndargildi miðhálandisins.
- **Fremrinámur** í biðflokki 3. áfanga Rammaáætlunar. Úr umsögn Landverndar:  
Virkjunarhugmyndin er á óbyggðu víðerni og áhrif virkunar yrðu mikil á víðerni, landslag og menningarminjar. ... Dyngjur eru fágætar eldstöðvar á heimsvísu og hafa því sérstakt mikilvægi. Virkjunin myndi skerða Ketildyngju.
- **Vindorkuver við Búrfell** í biðflokki 3. áfanga Rammaáætlunar. Úr umsögn Landverndar:  
Þrátt fyrir að svæðið sé að stórum hluta þegar raskað af virkjunarhugmyndum, þá yrðu sjónræn áhrif af vindorkugarðinum mikil og sæjust víða að. Að mati Landverndar eiga virkjunarhugmyndir inn á

miðhálandinu og í jaðri þess að fara í verndarflokk til að skerða ekki verndargildi miðhálandisins og möguleika á stofnun þjóðgarðs á svæðinu.

- **Stóra-Laxá** í biðflokki 3. áfanga Rammaáætlunar. Úr umsögn Landverndar: *Verkefnisstjórn færir fyrir því góð rök að flokka Stóru-Laxá í verndarflokk. Til viðbótar við þau ágætu rök, minnir Landvernd á að svæðið er á miðhálandi Íslands og því eiga þau rök við að um sérstakt mikilvægi þessa svæðis er að af þeim sökum og vísast í fyrri rök Landverndar fyrir því að setja alla virkjunarhugmyndir innan miðhálandisins í verndarflokk.*

Hér hefur einungis verið greint frá þeim virkjanakostum sem Landvernd fjallaði um í umsögn um 3. áfanga Rammaáætlunar og munu falla innan marka Hálandisþjóðgarðs samkvæmt umræddu frumvarpi. Ónefndar eru fjórar virkjanir til viðbótar og **yrði þá heildarfjöldi virkjanakosta innan þjóðgarðs þrettán**. Þar að auki geta fyrirtækin sóst eftir að stækka eldri virkjanir, þ.e. Kárahnjúkavirkjun, Blöndu og virkjanir Þjórsár og Tungnaár á grunni sömu greinar frumvarpsins.

## Lög um náttúruvernd

Í 47. gr. lag um náttúruvernd segir að friðlýsa megi sem þjóðgarða „stór náttúrusvæði sem eru lítt snortin og hafa að geyma sérstætt eða dæmigert lífríki, jarðminjar og/eða landslag“. Síðar í sömu grein segir: „Í þjóðgörðum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist.“ Verði frumvarp um Hálandisþjóðgarð samþykkt á Alþingi yrði það fyrsti þjóðgarðurinn sem stofnaður hefur verið síðan ný lög um náttúruvernd voru samþykkt árið 2013 og sem byggði á þeim reglum sem þar eru settar, en þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Snæfellsnesi og Vatnajökulsþjóðgarður voru stofnaðir fyrir samþykkt nýrra náttúruverndarlaga árið 2013. Augljóst er að 11. gr. frumvarps um hálandisþjóðgarð, þ.e. að heimila núverandi stórvirkjanir innan þjóðgarðs og einnig að nýjar stórvirkjanir verði reistar innan hans, samrýmist ekki 47. gr. núgildandi náttúruverndarlaga. Þessa klemmu virðist umhverfis- og auðlindaráðherra ætla að leysa að hluta með því að breyta þessari grein náttúruverndarlaga með frumvarpi til laga um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða. Meðal tillagna frumvarpsins er að 3. mgr. 47. gr. Náttúruverndarlaga orðist svo: „Um verndun náttúrufars, sögu og menningar, undirbúning friðlýsingar, friðlýsingu, stjórnun, valdheimildir og rekstur þjóðgarða gilda lög um þjóðgarðastofnun og þjóðgarða og lög um Hálandisþjóðgarð.“ Þar með hverfur eftirfarandi verndarákvæði úr lögnum: „Í þjóðgörðum eru allar athafnir og framkvæmdir sem hafa varanleg áhrif á náttúru svæðisins bannaðar nema þær séu nauðsynlegar til að markmið friðlýsingarinnar náist.“ Því er mótmælt hér að veikja eigi náttúruverndarlög og þjóðgarða sem verndaraðgerð með þessum hætti. Áður hafa stjórnvöld veikt verndargildi Rammaáætlunar og laga um mat á umhverfisáhrifum og hér er enn hoggið í sama knérunn.

## Nýjar virkjanir eiga ekki heima í þjóðgarði

Fram kemur í greinargerð með frumvarpi til laga um hálandisþjóðgarð að verndarstig svæða innan garðsins verði í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir um þjóðgarða og friðlýst svæði og að þau verði skilgreind samkvæmt flokkunarkerfi Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN). Í greinargerð með frumvarpi til núgildandi laga um náttúruvernd segir um 47. gr. að þjóðgarðar verði áfram mikilvægur

flokkur friðlýstra svæða og að flokkurinn samsvari flokki II hjá IUCN. Samkvæmt mati Umhverfisstofnunar falla íslensku þjóðgarðarnir þrír allir í flokk II í IUCN kerfinu þó að minni svæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs séu skilgreind í aðra verndarflokka. Í *Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands* frá 2011 segir á bls. 234 að „*friðlýsing þjóðgarða ætti að miða að því að hið friðlýsta svæði fullnægi kröfum sem gerðar eru til svæða í verndarflokki II hjá IUCN, þannig að að minnsta kosti þrír fjórðu hlutar svæðisins fullnægi þeim flokki. Þá þurfa þau svæði innan þjóðgarðsins sem falla í aðra verndarflokka að vera skýrt afmörkuð og verndun þeirra skilgreind.*“

Í tillögum og áherslum þverpólíttískrar nefndar sem afhentar voru umhverfis- og auðlindaráðherra í desember 2019 og umrætt frumvarp byggir á segir að velta megi upp þeirri spurningu hvort virkjanir og virkjanalón geti verið innan þjóðgarðs. Þar segir: „*Verndarflokkar IUCN og friðlýsingarflokkar laga um náttúruvernd eru hins vegar skilgreindir með þeim hætti að nýjar virkjanaframkvæmdir rúmast ekki innan þeirra*“, og vísar nefndin til greinargerðar ALTA sem unnin var fyrir nefndina árið 2018. Í henni segir á bls. 21: „*Verndarflokkar IUCN og friðlýsingarflokkar laga um náttúruvernd eru hinsvegar skilgreindir með þeim hætti að nýjar virkjanaframkvæmdir rúmast ekki innan þeirra.*“

**Af þessu má álykta að áform sem fram koma í 11. gr. frumvarps um hálendisþjóðgarð, þar sem segir að heimila megi nýjar virkjanir innan Hálendisþjóðgarðs, standist ekki viðmiðanir IUCN og séu ósamrýmanleg greinargerð frumvarpsins sem gerir ráð fyrir að svæði þjóðgarðsins verði skilgreind samkvæmt flokkunarkerfi IUCN.**

## **Núverandi virkjanasvæði eiga ekki heima í þjóðgarði**

Í tillögum og áherslum þverpólíttísku nefndarinnar segir að eftir standi sú spurning hvort hægt sé að fella núverandi virkjanir að þjóðgarði, þ.e. Blöndusvæðið, Kárahnjúkasvæðið og Þjórsár- og Tungnaárvæðið. Tvennt er nefnt því til stuðnings, annars vegar fordæmi í þjóðgördunum Krka National Park í Króatíu, Eifel National Park í Þýskalandi og Sri Nakin Dam National Park í Tælandi, og hins vegar að starfsemi Landsvirkjunar hafi fengið vottun ISO 9001 og ISO 14001, auk þess sem fyrirtækið hafi tileinkað sér verklag byggt á Hydropower Sustainability Assessment Protocol (HSAP). Dregur nefndin því eftirfarandi ályktun: „*Því virðist ekkert því til fyrirstöðu að virkjanir og tengd mannvirki sem fyrir eru geti fallið innan marka þjóðgarðs.*“ Við þetta verður að gera alvarlegar athugasemdir. ISO 9001 er gæðastjórnunarkerfi sem á ekkert skylt við verndargildi þessara svæða sem hér um ræðir og ISO 14001 er umhverfisstjórnunarkerfi, þ.e. regluverk sem fyrirtæki setja sér sjálf í almennum rekstri og hefur þar af leiðandi heldur ekkert með verndargildi virkjanasvæðanna að gera. HSAP er matskerfi sem lítur til fjölmargra þátta í byggingu og rekstri virkjana, ekki vottunarkerfi. Í nýjustu skýrslu HSAP kemur fram að virkjunin fær hæstu einkunn í ellefu af sautján atriðum sem metin eru, þar á meðal fyrir samskiptavenjur innan fyrirtækisins, fundi með sveitarstjórnnum, rekstur Samfélagssjóðs Landsvirkjunar, öryggi sjálfrar stíflunnar, fjárhagslegan grundvöll og þess háttar, allt atriði sem hafa ekkert með náttúruverndargildi Kárahnjúkasvæðisins að gera. Hins vegar gerir HSAP athugasemdir við jarðvegseyðingu í Kringilsárrana sem er talið viðvarandi vandamál. **Það er því fjarstæðukennt að nota ISO staðla eða viðmið og skýrslur HSAP sem rökstuðning fyrir því að Kárahnjúkasvæðið eigi heima innan þjóðgarðs.**

Hvað erlend fordæmi varðar er rétt að benda á að virkjun í Krka National Park er lítil rennslisvirkjun, elsta vatnsaflsvirkjun í Evrópu, byggð 1895. Virkjun í Eifel National Park í Þýskalandi er frá 1905 og

státar af einstökum arkitektúr. Stífla virkjunarinnar er með miðlunarlón sem er 2,16 ferkílómetrar að stærð, rúmar 45 milljónir rúmmetra af vatni og státar orðið af einstöku lífríki, samanborið við Háslón sem er 57 ferkílómetrar, um 2.000 milljónir rúmmetra vatns og líflaust. Að lokum má nefna að Sri Nakarin Dam National Park hefur það að markmiði að vernda skóglendi á svæði í kringum virkjunina og því ósamanburðarhæfur við fyrirhugaðan Miðhálandisþjóðgarð sem hefur það að markmiði að vernda landslag og víðerni. **Þau fordæmi sem nefndin tiltekur í sinni skýrslu eru því ekki sambærileg við þær virkjanir sem nefndin leggur til að falli innan Miðhálandisþjóðgarðs og þar af leiðandi ekki fordæmisgefandi.**



*Þetta manngerða leirfokssvæði við Háslón yrði innan þjóðgarðs samkvæmt þeim tillögum sem hér er fjallað um. Myndin er tekin af omarragnarsson.blog.is með leyfi höfundar.*

Í umsögn dr. Þorvarðar Árnasonar, forstöðumanns Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði, til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í ágúst 2019 er fjallað um hugmyndir þverpólítísku nefndarinnar um að setja núverandi orkuvinnslusvæði innan marka þjóðgarðs samkvæmt IUCN verndarflokki V. Hans niðurstaða er skýr: „Þvert á móti eru þetta svæði sem bera afgerandi ummerki um tiltölulega einhæfa og ágenga (e. intrusive) mannvirkjagerð, sem hvorki felur í sér búsetu manna eða viðhald hefðbundinnar nýtingar og þeirra menningargæða sem slíkri nýtingu geta tengst. Ef til vill mætti skilgreina umrædd svæði sem nokkurs konar “iðnaðarlandslag” – slíkt landslag getur fyllilega átt rétt á sér en hvorki verður séð að það verskildi verndun undir formerkjum náttúruverndar né að það sé sérstaklega verndarþurfi. ... Að öllu ofansögðu er ljóst að skilgreining orkuvinnslusvæðanna þriggja sem verndarsvæði í IUCN verndarflokki V væri ekki aðeins misráðin, heldur hefði hún afar slæmt og misvísandi fordæmisgildi fyrri landslagsvernd á Íslandi.“



Virkjanasvæðin eiga heldur ekki heima undir verndarflokki VI, en honum er svo lýst í Hvítbók um náttúruvernd frá 2011: „*Svæði í flokki VI miða að verndun vistkerfa og búsvæða ásamt þeim menningarlegu gildum sem tengjast þeim og hefðbundnum nytjum náttúruauðlinda. Þau eru yfirleitt stór og að mestu leyti náttúruleg en hluti þeirra nýttur á sjálfbæran hátt. Jafnframt er litið svo á að hófsöm nýting náttúruauðlinda, sem ekki er iðnvædd og samrýmist náttúruvernd, sé eitt aðalmarkmiðið með vernd svæðisins.*“ Það liggur í augum uppi að vernd umræddra virkjanasvæða væri hvorki vernd vistkerfa né búsvæða. Heldur er ekki um menningarleg gildi eða hefðbundnar nytjar náttúruauðlinda að ræða. Þá er ekki hægt að lýsa svæðunum sem óiðnvæddri eða hófsamri nýtingu sem samrýmist náttúruvernd.

**Að ofangreindu má ljóst vera að núverandi virkjanasvæði á miðhálandinu verða ekki vernduð samkvæmt flokkum IUCN og þar af leiðandi stenst 11. gr. frumvarpsins ekki þá fullyrðingu sem fram kemur í greinargerð þess um að verndarstig svæða innan garðsins eigi að skilgreinast samkvæmt flokkunarkerfi IUCN.**

## **Nauðsynlegar úrbætur á frumvarpinu og tengdum málum**

Ljóst er að gera þarf veigamiklar útbætur á frumvarpinu og öðrum þingmálum því tengdu.

- Fella þarf niður eða breyta verulega 11. gr. frumvarps um Miðhálandisþjóðgarð svo að það samræmist fullyrðingu í greinargerð um að svæði Miðhálandisþjóðgarðs verði skilgreind samkvæmt flokkun IUCN.
- Falla þarf frá tillögu umhverfis- og auðlindaráðherra um að veikja 47. gr. náttúruverndarlaga, eins og lagt er til í frumvarpi til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða.
- Endurmeta þarf alla virkjanakosti innan marka hálandisþjóðgarðs, sem fjallað er um í 3. áfanga Rammaáætlunar, enda ljóst að forsendur núverandi tillagna eru gjörbreyttar með fyrirhugaðri stofnun Miðhálandisþjóðgarðs.

Virðingarfyllt,

Guðmundur Hörður Guðmundsson  
Ægisíðu 105, 107 Reykjavík  
ghgudmundsson@gmail.com  
s. 8680386